



Skólaráðsfundur í Víkurskóla 16.02 2023

Fundurinn hófst klukkan 16:00

Mætt eru: Elín Einarsdóttir, Stefán Daníel Kristjánsson, ÞuríðurLilja Valtýsdóttir, Áslaug Einarsdóttir
(í forföllum Sifjar) Bergný Ösp Sigurðardóttir, Helga Halldórsdóttir og Olof Johann Ísólfur Karlsson.

Elín setti fund og Þuríður ritaði fundargerð.

Einnig var stjórn foreldrafélags Víkurskóla boðin á fundinn en enginn sá sér fært að mæta.

1. Niðurstöður úr Skólapúlsi nemenda í 2.-5. bekk

Elín fór yfir helstu niðurstöður úr Skólapúlsinum. Ánægja af lestri dalar frá síðustu mælingu en er á pari við landsmeðaltal. Vellíðan nemenda lækkar líka. Unnið er með niðurstöðurnar áfram í innra mati skólans.

2. Niðurstöður úr Skólapúlsi nemenda 6.-10. bekk

Elín fór yfir helstu niðurstöður úr Skólapúlsi eldri nemenda. Áhugi á lestri og stærðfræði dalar frá síðustu mælingu hinsvegar eru jákvæðar niðurstöður er varðar tíðni eineltis og eins hreyfa nemendur sig mun meira en við síðustu mælingu. Umræður um heimanám.

Ábending um að hafa tíma fyrir sturtu eftir íþróttatíma, sérstaklega hjá eldri nemendum.

3. Námsmat í Víkurskóla - kynning

Þuríður kynnti þá vinnu sem farið hefur fram í vetur við innleiðingu Leiðsagnarmats í skólanum.

4. Önnur mál

a) Breyting á fundartíma.

Elín leggur til að fundir skólaráðs verði á morgnana og er tekið vel í það. Það verður skoðað fyrir næsta skólaár.

b) Skóladagatal

Vinna við skóladagatal er hafin. Elín óskar eftir leyfi til að leggja skóladagatal fyrir Fjölskyldu-, frístundar- og menningarráð án þess að leggja það fyrir skólaráð. Það yrði þá samþykkt þar með fyrirvara um samþykki frá skólaráði. Tillagan samþykkt.

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 16:40.



Vikurskóli
